


1911

BJARNI OG JÖNAS

EFTIR
H.P.



Bjarni og Jónas.

Jeg hef verið i nokkrum vafa um, hvort af þessum höfuðskáldum jeg ætti að nefna sýr. Lengi var það nokkurs konar þjóðtrú, að Bjarni væri meira skáld en Jónas, líklega meðfram af því, að Bjarni var amtmaður; embættistignin, sem stundum getur orðið til að villa sjónir á mannum, studdi menn einmátt þar til rjetts skilnings. Á

síðari árum hafa heyrst raddir um, að Jónas muni hafa verið meira skáld en Bjarni, stundum ef til vill meðfram til að striða einhverjum ættmönnum Bjarna. Og vist er um það, að miklu meir er Jónas nú lesinn, þó að oslitid kunni menn estir hann, og fari meira að segja nærrí altaf rangt með annað eins kvæði og »Hvað er svo glatt«. Bæði eru þessi höfuðskáld vor í fremstu snillinga röð, þegar á alt er litið, og þýðingarlaust að metast um, hyor þeirra sje meiri; betra að reyna að skilja þá sem best, þar sem þeir komast hæst og láta gösga oss þann anda, sem ennþá má segja

Tansson.

að lífi i orðum þeirra. Fyrir sagurfræðing væri nógum skemtilegt að bera þá saman frekar en gert hefur verið; finna hvað hefur háð þeim, sýna hvor það er, sem skilja má sjer til meiri ánaegju en gert hefur verið, benda á mismuninn og finna orsakir hans. Auðvitað er þetta erfitt, et vel ætti að gerast, og ætla jeg injer ekki annað en að benda á sitthvað smávegis, að minsta kosti að rúminu til. Bjarni er niðji Sveins lærdá, Skúla Magnússonar og Bjarna Pálssonar, og gásur þeirra, áhugi og ættjarðarást, hefur hjá honum lagst í nokkuð annan farveg en þeim. Heili hans hefur að gerð verið langtum fremri bæði heila Skúla og Bjarna, en ekki eins sterkbygður, einmátt af því hærra var

10. Ólafs okt. / 911

stefnt og því vandasamari smiðin, ef svo mætti að orði komast, en ágaetismaðurinn Bjarni Pálsson var vist drykkjumaður talsverður, og kvaenist aust pess of gamall. En frá honum er það vist einkum, sem Bjarni Thórarensen fær ást sina á náttárunni, því að í rauninni er Bjarni okkar kjarnordasta náttúruskáld, en því miður of fáfróður um náttúruna (kennari hans, heiðurskarlinn Árni biskup Helgason, hjelt, að mig minnir, að fuglar skriðu í jörð á vetrum), og eftirtekt hans hefur of snemma snúist innávið. En það er djúp tilfinningin undir þessum orðum: »Sólgyltan man jeg« Múla o. s. frv., og hann kemst jafnvel of sterkt að orði í visunni:

»Föðurlands hlíðabeltin bláu,
sem blikið demöntum móti sól,
og lifandi krystalls-lyndir smáu,
lykkjaðar kringum bala og hól,
og yðar systur .Egis þar
alsilfuryptu dæturnar.

Á yður sömu' eg augum starði
sem yngissveinn á festarsprunde o.s. frv.

Manni kemur stundum til hugar, að Bjarni muni, ef vel lá á honum, hafa sagt ýmislegt betur en hann orti. Honum leið ekki nógu vel; það er það, sem býr undir orðunum: »Ekki er holt að hafa ból hefðar uppi á jökultindi«. Þar er það í rauninni fremur einstæðingsupphefð snillingsins, heldur en amtmannstignin, sem hann á við; þetta sama sem Schopenhauer, sem vist annars að sumu leyti svipadí til Bjarna einhverstaðar, hefur fundið svo ágæt orð. Tegner, Bredahl, Bjarni og Schopenhauer voru allir fæddir um likt leyti.

Bjarni er meira í ætt við spámanninn; Jónas meira í ætt við söngsnillinginn. Bjarni og Magnús Stephensen, sem voru náskyldir eins og menn vita, éda ættu að vita, hefðu átt að veitast að málum, eins og þeir gerdu Tomas og Jónas. Manurinn á þessum mikilmennnum var nokkuð svipadur; háðir sváfu frámkvaemdarmennir miklu betur en skáldin.

Pegar miðst er á Jónas, gleyma menn því of of, að hana var trændi Hallgrims Þjóðurssonar, kominn af systur hans. Lika mætti benda á það að gamni sínu, að prestar eru upp af Jónasi, en lögfræðingar upp af Bjarna, en prjedikunarmálið var þó yfirleitt mýkra í munni en lagamálið og óspiltara. Ennsfremur má ekki gleyma, hve miklu það hefur munat, að annar eins snillingur eins og Sveinbjörn Egilsson, sem að öllum likindum hefur þýtt Ilionskviðu betur en gert hefur verið á nokkur annað mál, var kennari Jónasar, en Konráð

fóstbróðir. Mönnum hættir of oft við, að gleyma kennurunum og vanþakka þeim. Ástakvæði yrkir Bjarni betur en Jónas, og einkum þegar hann þýðir; þýðingin á »Estus erat« er snild og er eftirtektarvert, að báðir komast þar lengst, er þeir þýða kvæði, eða breyta þeim. Þar vantaði báða nóg góða kennara íslenska; en það er kvenfólkid, sem best kennir að yrkja slik kvæði.

Þýðleikur Jónasar er óviðjafnanlegur; unun hans af hverju einstöku orði er meiri en hjá óðrum skáldum, og ef til vill er það þess vegna, sem hann tekur rómverska og italska bragarhætti auðsjáaplega fram yfir íslenska, að minsta kosti fyrst í stað. Honum finst íslensku bragarhættirnir of andstuttir, kreppa um of að orðunum. Orð eins og þessi:

»Meðan sólin sigur
sæl i djúpar unnir
og á heiðum himni
hvítur lýsir máni«

gætu ekki verið eftir annan en Jónas.

Merkilegt er, hvað mikil kapp góðu oflin, ef svo mælti komast að orði, virðast hafa lagt á að bjarga íslenskunni, því að engin af norðurlandaþjóðum hefur átt likt því eins erfitt uppdráttar og Íslendingar. Hvergi hafa óblíð kjör myrt eins mikil af börnum og atgjörvi eins og á Íslandi. Það þarf ekki annað en minna á það, að á 13. öld munu Norðmenn ekki hafa verið öllu meir en helmingi fleiri en Íslendingar, og enn á 17. öld eru Íslendingar orðnir yfir 100,000, en eftir Skastaðeldinn um 40,000.

Svo lágt sem komið var á 17. öld, eru þó til menn eins og Guðbrandur biskup, og Hallgrímur Pjetursson, Oddur sterki, Hrólfur sterki og Jón Indfatarí. Óg á 18. oldnum má ekki gleyma Birni Halldórssyni, einhverjum þeim manni, sem lægnastur mun hafa verið á íslenskt ritmál; manu furðar á að sjá frá 18. öld setningu eins og þessi. *Íslendingar eru til þess þarf verið skemmtilegir og óljark að standa af sjer strauma þeirra hleypidóma, sem maður er uppalinn við.* Það er ekki ritað betur nú á dögum, og ekki eins vel.

Þó að ótrúlegt megi virðast, kunna Íslendingar enn þá ekki til fulls að meta sínar eigin bókmennir, og því síður sína eigin gásnumenn. Fæst um kemur til hugar, að íslenskan eigi að rjettu lagi að skipa sæti við hliðina á grískunni og latinunni og að latinan eigi engan sagnritara, sem jafnast á við bestu sögumenn íslenska. Grískan raunast á við bestu sögumenn íslenska.

ar ekki heldur, en þó er jeg þar ekki eins viss. Og nú, þegar háskólinn er stofnaður, er þar enginn ætlaður til að kenna bókmentasögu. Ef til vill gæti þó góður bókmentasögukennari átt drjúgan þátt í að heina hugum manna að því, sem á skilið að varðveilast í hugum manna og lesast astur og astur. En heimskan er of rík enn þá, og menn hafa aldrei skilið til fulls, hve mjög alt ill á skilt við fáviku og er sprottið af vanþekkingu, hvernig vit getur breyst í mátt, þegar vel vegnar, og hvað djúpar rætur á sjer ástin á ljósini.

Helgi Pjeturss.

Ath s.: Grein þessi er, eins og mienn sjá, að eins frumdrættir að ritgerð, sem jeg gæti brett falsvert, en hef ekki tíma til að sinni. Læl jeg hana þó koma í þeirri von, að mönnum þyki betra en ekki.